



Árskýrsla Bókmenntahátíðar í Reykjavík árið 2012

26. júní 2013

Bókmenntahátíð í Reykjavík er haldin annað hvert ár og var haldin síðast árið 2011. Næsta hátíð verður haldin dagana 11.-15. september 2013. Starfsemi hátíðarinnar er í lágmarki árið sem ekki er hátíð, líkt og var árið 2012, en hér skal greint frá því sem var gert það ár.

Stjórnarfundir Bókmenntahátíðar voru haldnir með reglulegu millibili árið 2012 og fundargerðir ritaðar fyrir alla fundina. Á síðari hluta árs 2012 var farið að huga að næstu Bókmenntahátíð, dagsetningar voru valdar og hugað að hvaða erlendu höfundum ætti að bjóða.

Kallað var eftir tillögum um höfundaboð frá félögum í Félagi íslenskra bókaútgefenda og stjórnarmenn komu með fjölmargar tillögur. Byrjað var að senda út boð til höfunda í september 2012 og gekk það vel.

Samstarf við PEN International var mótað, en samtökin halda árlegt heimsþing sitt á Íslandi dagana 8.-12. september 2013. Bókmenntahátíðin og PEN hafa átt góða samvinnu síðan til samstarfsins var stofnað og hafa unnið að skipulagningu sameiginlegrar dagskrár sem verður dagana 10. og 11. september, bæði í Norræna húsinu og í Hörpu. Samstarfið felur ekki í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir Bókmenntahátíð.

Bókmenntahátíð hélt sambandi við styrktaraðila og samstarfsaðila á árinu 2012 og lagði drög að fjárhagslegum undirstöðum hátíðarinnar 2013.

Stjórn Bókmenntahátíðar í Reykjavík skipuðu árið 2012: Sigurður G. Valgeirsson formaður, Halldór Guðmundsson, Einar Kárason, Max Dager, Sjón, Óttarr Proppé, Pétur Már Ólafsson og Þorgerður Agla Magnúsdóttir. Framkvæmdastjóri er Stella Soffía Jóhannesdóttir.